

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 20. fundur skólanefndar
18. maí 2005

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eypór Benediktsson, Sigríður Finsen, Gísli Ólafsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

Forföll boðaði: Sveinn Þór Elinbergsson.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Staða ráðninga

GA greinir frá að góðar umsóknir hefðu borist um stöðu íslenskukennara og lítur það vel út.

Enginn umsókn barst frá menntuðum enskukennara, en 2-3 umsóknir ófaglærðra bárust. GA hefur rætt við Barböru Fleckinger og mun hún taka tvo áfanga í ensku og á þá eftir að koma í ljós hvort ekki náist að manna enskukennsluna.

Kennsla í líffræði verður í höndum Sigrúnar Bjarnadóttur, 50% staða.

Auglýst var eftir kennara í jarðfræði með dreifnámssniði. Tvær umsóknir bárust frá jarðfræðikennurum.

Engar umsóknir bárust um stöðu dönskukennara og sérkennara, því mun verða samið við Valgerði og Sigríði áfram.

Ein umsókn barst um lífsleikni.

Ein umsókn barst um stöðu námsráðgjafa af félagsráðgjafa.

Tíu umsóknir bárust um stöðu ritara á skrifstofu.

Auglýsa þarf aftur:

Þar sem Sunna bókasafnsfræðingur hefur ákveðið að hætta hér þarf að auglýsa 50% starf bókasafnsfræðings á upplýsingamiðstöð.

GA telur rétt að auglýsa eftir samfélagsfræðikennara og náttúrufræðikennara.

Einnig þarf að auglýsa eftir þýskukennara í 50% starf þar sem Hólmfríður hefur ákveðið að vera ekki áfram næsta vetur.

3. Lok skólaárs og dagatal næstu annar

Prófin gengu vel, vel gengur að nota stóra salinn til prófatöku.

Ekki er búið að taka saman niðurstöður prófanna.

Drög að dagatali næstu annar skoðuð.

4. Önnur mál

- KPE spyr um brottfall fyrir próf. GA upplýsir um það og málið rætt.
- Rætt um hugsanleg viðurlög við lélegri námsframvindu.
- KPE spyr hvernig okkur finnst hafa til tekist þetta fyrsta skólaár. GA segir að ekki sé almennilega búið að taka þetta saman en það verði gert á

vinnudögum kennara. Í öllum aðalatriðum eru þó flestir ánægðir með framganginn.

- Hvaða mælikvarða höfum við til að gera upp skólaárið? Hugsanlegir kostir ræddir, helst ber að nefna viðhorfskönnun og samanburð við aðra skóla. Erfitt er að mæla aðra þætti.
- Umræður um stöðu skólans og framhaldið.
- Gera eitthvað áþreifanlegt um niðurstöðu vetrarins og finna réttan vettvang til að koma því á framfæri.
- Rætt um afgreiðslu Snæfellsbæjar á erindi FSN vegna kostnaðar við rútuakstur.
- Tillaga um að halda kynningu fyrir bæjarstjórnarfólk og hugsanlega fræðslunefndir, félags og skólaþjónustu og stjórnendur grunnskólanna á svæðinu. Lagt til að hafa þetta í byrjun september.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður haldinn 20. september kl. 16:30.